

Reykjavík 15.12.2014

Berist til:
Allsherjar – og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Varðandi: Umsögn um þingsályktunartillögu um bættu hljóðvist og aðgerðir til að draga úr erilshávaða í kennsluhúsnæði, 209. mál.

Félag talmeinafræðinga á Íslandi (FTÍ) telur mikla þörf á að taka til aðgerða um bættu hljóðvist í kennsluhúsnæði á öllum skólastigum. Erilshávaði er mikið vandamál fyrir skjólstæðinga talmeinafræðinga, og á það bæði við um börn með tal-, mál- og raddmeið sem eiga oft erfitt með að taka við upplýsingum, einbeita sér að námi og tjá sig í slíkum aðstæðum, og kennara og annað starfsfólk sem þarf að beita rödd óheyrilega til að ná yfir erilshávaðann. Mjög mikilvægt er að takast á við þetta vandamál af krafti og finna leiðir til að halda niðri erilshávaða. Slíkt mun fela í sér fjölbreytt úrræði s.s. breytingar á húsnæði, innviðum, hegðun og hugarfari.

Félag talmeinafræðinga á Íslandi er reiðubúið til að samstarfs og ráðgjafar um þessi mál ef óskað er.

Virðingafyllst,

f.h. Félags talmeinafræðinga á Íslandi

Þórunn Hanna Halldórsdóttir
formaður FTÍ